

Alþingi  
Erindi nr. P 133/1172  
komudagur 20.2.2007



"Gunnar Gunnarsson"  
<sprettur@gmail.com>  
16.02.2007 13:57

To jon.ogm.thormodsson@ivr.stjr.is  
cc  
bcc

Subject Efni: Breytingar á lögum sem heimila samruna milli landa.

**Efni: Breytingar á lögum sem heimila samruna milli landa.**

Í kjölfar þess að til stendur að gera félögum heimilt að sameinast milli landa innan Evrópska efnahagsvæðisins (EES) vill undirritaður taka eftirfarandi fram varðandi mikilvægi þess að heimila einnig samruna frá löndum utan EES.

Slík heimild myndi opna á flutning félaga og fjármagns til Íslands frá ýmsum löndum sem áður gátu talist skattalega hagkvæmir. Einstaklingar og lögaðilar með heimilisfesti á Íslandi hafa í gegnum tíðina stofnað félög í lágskattaríkjum, t.d. British Virgin Islands og Jersey. Slík félög hafa í dag lítinn tilgang annan en að halda utan um eignir sem eðlilegra væri að staðsett væri á Íslandi. Heimild til flutning slíkra félag til Íslands og samruna við íslensk félög myndi gera það mögulegt að flytja félög og fjármagn heim til Íslands. Aukið fjármagn kallar á auknar fjárfestingar sem skila sér í auknum skatttekjum.

Engir sýnilegir gallar eru á slíkri heimild og því að takmarka heimild til samruna milli landa einungis við EES ríki. Við eigum að taka vel á móti útlendingum og getum gert það með því að auðvelda þeim flutning á félögum og fjármagni til landsins.

Það á að vera hægt að flytja með einföldum hætti félög til Íslands, þ.e. að löggjöf okkar á að geta tekið á móti félögunum, t.d. með því að gera ráð fyrir því að þau fái kennitölu við umsókn og réttarstöðu þess féлагаform sem samþykktir félagsins standa fyrir. Ef félög fá t.d. réttarstöðu einkahlutafélaga eða hlutafélaga samkvæmt skattalögum ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að samruni félaganna hafi ekki skattalegar afleiðingar för með sér.

Virðingarfyllt

G